

## Fyrsta aðstoð

Ef til uppsagnar kemur er sjálfsagt að leita til viðkomandi stéttarfélags. SV og KTFÍ veita aðstoð og leiðbeiningar eftir aðstæðum hvers og eins. Félögin eru einnig með upplýsingar um hvað er á döfinni til að reyna að verjast þessum breyttu aðstæðum. Fylgst er með hvaða fyrirtæki eru að leita eftir starfsmönnum, þar með talið netföng ráðningarstofa erlendis sem leita eftir verkfræðingum, tæknifræðingum, byggingarfræðingum o.fl.

### Sjúkrasjóðir SV og KTFÍ

Sjóðirnir veita styrki til að leita aðstoðar hjá sérfræðingum til dæmis í styrkingu vegna breyttra aðstæðna. Allar upplýsingar um sjúkrasjóðina eru á vefum félaganna undir stikunni „sjóðir“.

### Framlag vinnuveitanda

Hefð er fyrir því að vinnuveitandi sjái starfsmönnum fyrir fyrsta viðtali við fagaðila til dæmis: Hagvang, Capacent eða viðlíka. Í viðtölunum er tekið á áfallinu sem er eðlileg viðbrögð við uppsögn. Síðan tekur við aðstoð við gerð ferilskráar og undirbúning starfsviðtala og loks leit að atvinnu.

## Réttarstaða við uppsögn

### Uppsögn og uppsagnarfrestur

- Uppsögn sem á að vera skrifleg þarf sannanlega að berast starfsmanni og tekur hún gildi um mánaðamót.
- Uppsagnarfrestur er misjafnlega langur en algengast er að um þriggja mánaða frest sé að ræða. Þetta kemur fram í viðkomandi kjarasamningi og eða ráðningarsamningi.
- Vinnuveitanda er skylt að greiða starfsmanni öll laun og hlunnindi út uppsagnartímam og starfsmanni er skylt að sinna vinnuskyldu það tímabil.
- Þess eru dæmi að vinnuveitandi leysi starfsmann undan vinnuskyldu hluta uppsagnartímans. Hann er þó engu að síður skyldugur til að greiða launin út allan tímann.

#### Samningsatriði:

- Aðilar geta samið um að stytta uppsagnartímam og fellur þá vinnuskyldan niður og launagreiðslur jafnframt.

### Uppgjör orlofs

- Skylt er samkvæmt lögum að greiða út áunnið og ótekið orlof við starfslok (ávinnslu þessa árs frá 1. maí 2008 til starfsloka og eins ótekið fyrri orlof).
- Ekki er heimilt að knýja starfsmann til að taka út ótekið orlof á uppsagnartíma. Það er einungis heimilt með samkomulagi milli aðila. Starfsmaður getur hafnað því að sú leið sé farin.

#### Samningsatriði:

- Aðilar geta samið um að orlof sé tekið út á uppsagnartíma og fellur þá vinnuskyldan niður en launagreiðslur haldast út uppsagnartímam.

Ráði starfsmaður sig í nýtt starf á uppsagnartíma falla greiðslur frá vinnuveitanda niður það sem eftir er uppsagnartímans nema ef launakjör eru lakari í hinu nýja starfi. Í því tilfalli greiðir fyrrv. vinnuveitandi mismun eldri launa og nýrra.

### **Skráning vegna atvinnuleysis**

Ef búast má við atvinnuleysi er rétt að skrá sig sem fyrst hjá Vinnumálastofnun. Allar upplýsingar um skráningu og fresti áður en atvinnuleysisbætur eru greiddar er að finna á heimasíðu stofnunarinnar.

**Upplýsingavefur Vinnumálastofnunar:**

<http://www.vinnumalastofnun.is/svmhb/>

### **Gjaldþrot fyrirtækja**

Verði fyrirtæki sem félagsmenn starfa hjá gjaldþrota er nauðsynlegt að láta stéttarfélagið vita eins fljótt og kostur er. Þá þurfa félagsmenn að taka saman lista yfir vangreiðslur, s.s. ógreidd laun, vangoldin iðgjöld í lífeyrissjóði, o.s.frv. - Sjá gátlista á

<http://www.abygðarsjodur.is/>

Hið sama á við um gátlista fyrir orlof vegna greiðsluerfiðleika.

### **Aðrir upplýsingavefir**

**Upplýsingavefur félagsmálaráðuneytis:**

<http://www.felagsmalaraduneyti.is/upplýsingar>

**Upplýsingar fyrir fólk sem líður illa:**

<http://landlaeknir.is/Pages/1055?NewsID=1823>

**Þjónusta þjóðkirkjunnar :**

<http://kirkjan.is/thjonusta-kirkjunnar-a-erfidum-timum>

**Félags- og tryggingamálaráðuneytið:**

<http://www.felagsmalaraduneyti.is/upplýsingar>

Hér er að finna mjög gott yfirlit um hvert hægt er að leita vegna ýmissa mála er tengjast aðstæðum á fjármálamarkaði, s.s. atvinnumál, greiðsluerfiðleikar, upplýsingar fyrir útlendinga (á ensku og pólsku), fjármál, börn og fjölskyldur o.fl.

Einnig er búið að setja upp upplýsingamiðstöð með grænu númeri **800-1190** sem er endurgjaldslaust. Það er opið milli 8 og 22 alla virka daga.

Hægt að senda fyrirspurnir til stjórnvalda sem snerta þær aðstæður sem nú ríkja með tölvupósti á netfangið [midstod@mfa.is](mailto:midstod@mfa.is).

### **Aðrar slóðir og símanúmer**

· Upplýsingar fyrir útlendinga: <http://www.felagsmalaraduneyti.is/hvert//nr/3997>

· Fjölskyldumiðstöðin: <http://www.barnivanda.is/> - Sími: 511-1599

- Þjóðkirkjan: <http://www.kirkjan.is/> - Sími: 528-4000
- Hjálparsími Rauða krossins:  
**<http://redcross.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/wa/dp?id=1000216>**  
– 1717 sólarhringsþjónusta
- Upplýsingavefur um geðheilsu barna og ungmenna: <http://www.umhuga.is/>
- Landlæknisembættið: <http://www.landlaeknir.is/> - Sími: 510-1900
- Umboðsmaður barna: <http://www.barn.is/barn/adalsida/forsida/> - Grænt númer 800-5999
- Ábyrgðarsjóður launa: <http://www.abyrgdarsjodur.is/> - Sími: 515-4800
- Vinnumiðlun (vegna atvinnuleysisbóta): <http://www.vinnumalastofnun.is/> - Sími: 515-4800 / 515-4850

#### **Stéttarfélag og starfsmannatengd samtök:**

- SFR: <http://www.sfr.is/> - Sími: 525-8340
- BSRB : <http://www.bsrb.is/> - Sími: 525-8300
- Alþýðusamband Íslands: <http://www.asi.is/> - Sími: 535-5600
- Bandalag háskólamanna (BHM): <http://www.bhm.is/> - Sími: 581-2090
- Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja: <http://www.ssf.is/> - Sími: 540-6100
- Íbúðalánasjóður: <http://www.ils.is/> - Grænt númer: 800-6969
- Lífeyrissjóðir: <http://www.ll.is/?i=9> - Sími: 563-6450
- LSR-Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins: <http://www.lsr.is/> - Sími: 510-6100
- Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda: <http://www.sl.is/> - Sími: 510-7400
- Lífeyrissjóður verkfræðinga: <http://www.lifsverk.is/> - Sími: 568-8504
- Almenni lífeyrissjóðurinn: <http://www.almenni.is/> - Sími: 440-4900
- Íslenski lífeyrissjóðurinn:  
**<http://www.landsbanki.is/einstaklingstjjonusta/lifeyrissparnadur/>**  
- Sími: 410-4040
- Frjálsi lífeyrissjóðurinn: <http://www.frjalsilif.is/> - Sími: 444-7000
- Stafir – lífeyrissjóður: <http://www.stafir.is/> - Sími: 569-3000
- Ráðgjafabjónusta um fjármál heimilana: <http://www.fjolskylda.is/fjarmal> - Grænt númer: 800-1190
- Talsmaður neytenda: <http://www.talsmadur.is/> - Sími: 510-1121
- Tryggingastofnun ríkisins: <http://www.tr.is/> - Grænt númer: 800-6044
- Innheimtustofnun sveitarfélaga: <http://medlag.is/> - Sími: 590-7100
- Tryggingasjóður innistæðueigenda og fjárfesta: <http://www.tryggingarsjodur.is/>  
- Sími: 540-1200
- Fjármálaeftirlitið: <http://www.fme.is/> - Sími: 525-2755